



# Menntaskólinn í Reykjavík

**Kennsluáætlun:** Enska 5. bekkur náttúrufræðibrautar Haustönn 2022 – ENSK3RT11

**Kennarar:** Hilmar Guðlaugsson, Iðunn Gná Gísladóttir, Katherine Louise Þóra Stokke, Sigurður Páll Guðbjartsson og Unnur Ásta Harðardóttir.

## Markmið:

Að nemandinn

- hljóti þjálfun í almennri ensku svo og lestri vísindatexta.
- fái tækifæri til að kynnst góðum bókmenntum á ensku nútímamáli.
- geti ritað útdrætti og ritgerðir um ýmis efni.
- fái þjálfun í hlustun á efni á formleg
- sé fær um að gera grein munnlega fyrir efni á sviði vísinda.

## Kennslugögn:

### Lesið vandlega:

- **Enskir leskaflar fyrir 5. bekk eðlis- og náttúrufræðideilda** (fjölrit MR): kaflar 1-9.

### Lesið efnislega:

- **Enskar smásögur handa 5. bekk** (fjölrit MR): “The Invisible Japanese Gentlemen”, “Dance Cadaverous”, “Feuille d’Album”, “Sredni Vashtar”, “Blood-Burning Moon”, “The Story of an Hour”, “Good Advice Is Rarer than Rubies”.
- **Skáldsaga:** *To Kill a Mockingbird* eftir Harper Lee (á haustönn) og *Animal Farm* eftir George Orwell (á vorönn).
- **Kjörbók:** Nemendur velja eina af eftirfarandi bókum: *Pride and Prejudice* (Jane Austen), *Othello* (William Shakespeare), *The Hitchhiker’s Guide to the Galaxy* (Douglas Adams), *High Fidelity* (Nick Hornby), *Queenie* (Candice Carty-Williams), *The Haunting of Hill House* (Shirley Jackson) and *The Long Walk* (Stephen King / Richard Bachman).

### Skrifleg verkefni:

- Rökfærsluritgerð og ritunarverkefni í tíma ásamt öðrum verkefnum.
- Kjörbókarverkefni og skriflegt próf úr *Animal Farm* (á vorönn)

### Munnleg verkefni:

- Munnlegt próf úr *To Kill a Mockingbird* (á haustönn), munnlegt próf úr smásögum og tveir fyrirlestrar (um bakgrunn bókar á haustönn og um vísindagrein á vorönn).



# Menntaskólinn í Reykjavík

## Námsmat:

**Lokaeinkunn:** byggist á vinnu vetrarins, þ.e. árangri í skyndiprófum og öðrum æfingum og virkni í kennslustundum:

- 10% Kjörbók
- 10% To Kill a Mockingbird
- 10% Animal Farm
- 10% Ritunarverkefni
- 10% Fyrirlestrar
- 15% Orðaforði og aðrar æfingar
- 10% Munnlegt próf úr smásögum
- 5% Hlustun
- 20% Ástundun

## Athugið: Almennar vinnureglur:

- Nemandi verður að hafa allar nauðsynlegar námsbækur meðferðis í hvern tíma.
- Mæti nemandi ítrekað bókalaus eða án heimanáms verður honum vísað úr tíma.
- Mikilvægt er að nemendur séu virkir í tímum, en gæti sín á því að grípa ekki fram í hver fyrir öðrum.
- Sé nemandi tekinn upp í námsefni, skulu aðrir nemendur bíða með svör og spurningar þar til viðkomandi hefur svarað spurningum kennara um efnið.
- Skilaverkefni skilist skrifuð með penna.